



Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 11.6.2025

Málsnúmer: 202505-0041

LA

Efni: Gilsárvirkjun. Aðalskipulagsbreyting, kynning á vinnslutillögu.

Vísað er í erindi Múlaþings sem barst um Skipulagsgátt þann 21. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi að breytingum á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar í Gilsárdal í Eiðabínghá. Breytingin felur í sér að skilgreina nýtt 55,4 ha iðnaðarsvæði og sjö ný efnistöku- og efnislosunarsvæði í Gilsárdal í Múlaþingi vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um vinnslutillögu skipulagsbreytinga og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það helsta sem fjalla þarf um. Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsagnir varðandi Gilsárvirkjun t.d. við [skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga](#), og til Skipulagsstofnunar varðandi [fyrirspurn um matsskyldu](#) og [matsáætlun](#).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi á þessu stigi, en vísar í eldri umsagnir stofnunarinnar og þær athugasemdir sem þar koma fram.

Virðingarfyllt

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur